



Fundargerð hreppsnefndar 23. júní 2016

Fundur

Fundur nr. 44 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 23. júní 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Agnar Karl Árnason, Sigríður Bragadóttir, Sigurjón Haukur Hauksson og Elísa Joensen Creed.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Almenn mál:

a. Kosning oddvita sveitarstjórnar til eins árs

Gengið til kosninga um oddvita og kom fram tillaga um Eyjólf Sigurðsson sem oddvita. Samþykkt með 5 atkvæðum að kjósa Eyjólf sem oddvita til eins árs. 2 sátu hjá. Tók Eyjólfur síðan sæti oddvita og fundarstjórn.

b. Kosning 1. varaoddvita og 2. varaoddvita til eins árs

Gengið til kosninga um 1. og 2. varaoddvita og kom fram tillaga um Stefán Grím Rafnsson sem 1. varaoddvita og Sigríði Elvu Konráðsdóttur sem 2. Samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta að kjósa Stefán Grím 1. varaoddvita til eins árs og Sigríði Elvu sem 2. varaoddvita. 3 sátu hjá.

c. Kosning fulltrúa á aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) sem haldinn verður í Herðubreið á Seyðisfirði dagana 7. og 8. október nk. (þrír fulltrúar)

Samhljóða samþykkt að tilnefna Eyjólf Sigurðsson, Unni Ósk Unnsteinsdóttur og Bárð Jónasson sem fulltrúa Vopnafjarðarhrepps á aðalfundinn. Þá situr Ólafur Áki sveitarstjóri fundinn einnig.

d. Afgreiðsla kjörskrár vegna forsetakosninga 25. júní 2016

Tillaga að bókun vegna afgreiðslu kjörskrár:

„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosninga 25. júní nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.“

Samhljóða samþykkt.

e. Drög að samstarfssamningi milli Framhaldsskólans á Laugum, Austurbrúar og

Vopnafjarðarhrepps um starfrækslu framhaldsskóladeildar á Vopnafirði

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir samningsdrögunum en síðan samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að undirrita samninginn f.h. sveitarfélagsins í endanlegri mynd.

f. Kostnaðaráætlanir í hönnun vallarhúss við íþróttavöllinn á Vopnafirði lagðar fram.

Sveitarstjóri kynnti málið nánar, greindi frá fyrirhuguðum fundi með Halldóri Jóhannssyni um deiliskipulag svæðisins að afloknu sumarfríi sveitarstjórnar. Málið síðan til umræðu og samhljóða samþykkt að taka tilboði EFLU Norðurlandi.

g. Milliuppgjör fyrir 4. mán. 2016 lagt fram
Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir rekstrarstöðu sveitarfélagsins skv. milliuppgjöri og er í samræmi við áætlun.

2. Fundargerðir:

a. Menningarmálanefndar dags. 8. júní 2016
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b. Aðalfundar Brunavarna á Austurlandi dags. 2. júní 2016
Lagt fram til kynningar.

c. 43. fundar stjórnar Brunavarna á Austurlandi dags. 7. júní 2016
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d. 839. og 840. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Navitas ehf
Samhljóða samþykkt að sveitarstjórn fundi með Kristni Péturssyni að afloknu sumarfrí sveitarstjórnar að viðhöfðu samráði við hann.

b. HSA

Tillaga að bókun í framhaldi af minnisblaði frá HSA sem Pétur Heimisson og Nína H. Gunnarsdóttir tóku saman.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, síðan var bókað:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps tók fyrir á fundi sínum þann 23. júní 2016 minnisblað um stöðu heilsugæslunnar á Austurlandi. Í framhaldi af því var eftirfarandi bókun gerð:

„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í minnisblaðinu að styrkja þurfi heilsugæsluna á Austurlandi m.a. með stækkun lítillar heilsugæslustöðvar á Reyðarfirði svo hún geti orðið öflug þjónustu- og kennslustöð. Slík stöð er líkleg til að laða að lækna o.fl. fagfólk og tilkoma hennar er mikið hagsmunamál allrar heilbrigðisþjónustu á Austurlandi. Heilsugæsla í Fjarðabyggð og á Egilsstöðum þarf að geta staðið undir því að vera þungamiðja heilsugæslu og lækniþjónustu á svæði HSA og geta þannig liðsinnt einmenningshéruðunum Seyðisfirði, Vopnafirði og Djúpavogi.“

Samhljóða samþykkt.

c. Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:17.

[Fylgigögn fundar 230616.pdf](#)